



Drög að ályktun um húsnæðismál

9. Þing Starfsgreinasambands Íslands hvetur stjórnvöld og fjármálastofnanir til að leggjast á áráttar með verkalyðshreyfingunni við að skapa almenningi og leigjendum öruggt og gott húsnæði á viðráðanlegum kjörum auk þess að efla stoðir félagslegs íbúðarhúsnæðis í samráði við verkalyðshreyfinguna.

Á Íslandi ríkir alvarleg húsnæðiskrísa. Þrátt fyrir endurteknar yfirlýsingar hefur stjórnvöldum ekki tekist að auka framboð húsnæðis í takt við þarfir samfélagsins. Í dag er vöntun á 5000 nýjum íbúðum og fyrirséð að markmið stjórnvalda um byggingu 35 þúsund íbúða á tíu árum munu ekki nást. Endalausar vaxtahækkanir fjármálastofnana og óstjórn í efnahagsmálum hafa lagt miklar byrðar á heimilin í landinu og gert ungu fólki nær ómögulegt að koma sér þaki yfir höfuðið. Þá hefur verið dregið úr stuðningi til húsnæðismála og beinn stuðningur ríkisins til heimilanna færður úr vaxtabótum yfir í skattaívilnun vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar séreignasparnaðar. Breytingin hefur gert það að verkum að stuðningur ríkisins hefur verið færður frá ungu fólki og tekjulágum yfir til þeirra sem eldri eru og þeirra allra tekjuhæstu.

Hækkun vaxta og húsnæðisverðs færist af fullum þunga í hærra leiguverð. Leigjendur eru illa varðir fyrir markaðssveiflum sem leiða til hækkunar leiguverðs. Uppbygging almenna íbúðakerfisins í gegnum Bjarg hefur stuðlað að betri leigumarkaði. Stór meirihluti verkafólks býr þó enn á ótryggum og hagnaðardrífnum leigumarkaði sem er ólíðandi með öllu. Hvað það varðar, kallar SGS þegar í stað eftir aðgerðum frá stjórnvöldum til að bæta úr algjöru neyðarástandi á almenna leigumarkaðinum.

9. Þing Starfsgreinasambands Íslands krefst tafarlausa aðgerða í húsnæðismálum af hálfu stjórnvalda. Um leið er þess jafnframt krafist að samkeppni á fjármálamarkaði verði aukin og Landsbankinn gerður að samfélagsbanka með lágri arðsemi. Jafnframt verði komið á fót nýju húsnæðislánakerfi sem byggist á að neytendum og heimilum standi til boða sambærileg vaxtakjör á lánum til kaupa á eigin húsnæði og best þekkist í okkar nágrannalöndum.

9. Þing Starfsgreinasambands Íslands kallar eftir því að stjórnvöld komi böndum yfir markaðsvæddan leigumarkað og takmarki um leið heimildir til útleigu á íbúðum í gegnum Airbnb, eins og fordæmi eru fyrir í öðrum löndum, til að efla leigumarkaðinn á Íslandi. Þá er afar mikilvægt að settur verði aukinn kraftur í frekari uppbyggingu almenna íbúðakerfisins með auknum stofnframlögum og skapaðar betri forsendur fyrir uppbyggingu almenna íbúðakerfisins utan höfuðborgarsvæðisins með öflugum stuðningi ríkisins. Greiða þarf fyrir auknu framboði hentugra og tilbúinna lóða undir íbúðahúsnæði. Það styður við markmið verkalyðshreyfingarinnar um að tryggja verkafólki öruggan og hóflegan húsnæðiskostnað til framtíðar.

Áherslur SGS

- Gerðar verði stórfelldar umbætur á leigumarkaði sem sporni gegn gróðavæðingu, tryggi húsnæðisöryggi og hóflegan húsnæðiskostnað.
- Landsbankinn verði gerður að samfélagsbanka með lágri arðsemiskröfu.
- Komið verði á fót nýju húsnæðislánakerfi þar sem neytendum og heimilum standi til boða sambærileg húsnæðislán og gengur og gerist í okkar nágrannalöndum.
- Markmiðið verði að húsnæðiskostnaður fari ekki yfir 25% af ráðstöfunartekjum.
- Komið verði á leigubremsu og réttindi leigjenda stóraukin.
- Settur verði aukinn kraftur í uppbyggingu almenna íbúðakerfisins.
- Stuðningur verði aukinn við uppbyggingu almenna íbúðakerfisins utan höfuðborgarsvæðis.
- Vaxtabótakerfið verði endurreist og stuðningi beint til hinna tekjulægri og fyrstu kaupenda. Þannig nýtist stuðningskerfin sem brú inn á fasteignamarkað.
- Þrengt verði að skammtíma útleigu á íbúðarhúsnæði til ferðamanna.
- Stjórnvöld komi að því með verkálýðshreyfingunni að skapa leigjendum og íbúðarkaupendum á lágmarkskjörum öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sem stillt verði af í samræmi við fjárhagslega getu þeirra á hverjum tíma.